

Sýslumaðurinn á Ísafirði
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Ísafjörður, 20. júní 2017
2017020017

Efni: Umsögn byggingafulltrúa

Eftirfarandi erindi barst frá Sýslumanninum á Ísafirði 08.06.2017, þar sem umsagnar Ísafjarðarbæjar á umsókn Hauks S. Magnússonar f.h. Tjöruhússins Neðstakaupstað vegna rekstrarleyfis til veitingu veitinga. Um er að ræða veitingastað í flokki II, tegund A

Flokkur II – Umfangslitlir áfengisveitingastaðir þar sem starfsemin er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværrri tónlist, og staðir sem kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu

Tegund A: Veitingahús með fjölbreyttar veitingar í mat og drykk og fulla þjónustu. Í veitingahúsi skal vera starfandi maður með fullnægjandi þekkingu í framleiðslu.

Tjöruhús er skráð á byggingarstig 7 í þjóðskrá og teikningar liggja fyrir.

Tjöruhús er á svæði sem skilgreint er sem svæði fyrir þjónustustofnanir og á hverfisverndarsvæði, í ákvæðum fyrir Þ11 í Aðalskipulagi 2008-2020 fyrir Neðstakaupstað eru eftirfarandi ákvæði. Áhersla á aukin umsvif safnsins eða starfsemi sem getur styrkt safnasvæðið, s.s. skipa- bátasmíði, veitingarekstur og ferðaþjónustu.

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar gerir ekki athugasemd með vísan í umsögn dags. 19.06.2017

Heilbrigðiseftirlit gerir ekki athugasemd við útgáfu rekstrarleyfis með vísan í umsögn dags. 21.06.2017

Virðingarfyllst,

Axel Rodhe Överby
- skipulágs- og byggingarfulltrúi -
